




## UMSÖGN SKIPULAGSFULLTRÚA

### Reykjavíkurflogvöllur – ENDURNÝJUN STARFSLEYFIS

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. ágúst 2024 var lagður fram tölvupóstur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 27. ágúst 2024, þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar ISAVIA innanlandsflugvalla ehf. um endurnýjun á starfsleyfi Reykjavíkurflogvallar fyrir mengandi starfsemi þ.e. rekstri flugvallar, bifreiða og vélaverkstæðis og olúgeymis til eigin nota. Óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um hvort starfsemin sé í samræmi við skipulag og til gildistíma starfsleyfis en Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur alla jafna út starfsleyfi til 12 ára.



AR2040 - deiliskipulagsmörk flugvallarsvæðis í blárrí strikalínu



Deiliskipulag Reykjavíkurflogvallar frá 2016


### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt framtíðar landnotkun er flugvallarsvæðið skilgreint sem miðsvæði M5, M30, opins svæðis OP06, strandsvæði ST4 og íbúðarbyggð IB62, sbr. staðfestur þéttbýlisuppráttur. Um landnotkun flugvallar gilda sértæk og tímabundin ákvæði, sbr. umfjöllun hér að neðan.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag Reykjavíkurflogvallar staðfest í B-deild Stjórnartíðinda 13. júní 2016. Einungis mannvirki sem tengist flugi eða rekstri flugvallarins með beinum hætti er heimilt að reisa á svæðinu í samræmi við takmarkanir og skipulagsreglur fyrir flugvallarsvæðið. Öll mannvirki byggð á svæðinu eftir 2015 skulu hönnuð þannig að auðvelt sé að fjarlægja þau. Mörk núverandi deiliskipulagsmarka flugvallarins miða við að ný íbúðarbyggð Nýja Skerjafjarðar rísi austan núverandi byggðar í Einarsnesi og ný strætisvagnaleið verði lögð í tengslum við íbúðarbyggðina í Skerjafirði. Á meðal lykiltímasetninga skv. samkomulagi milli Ríkisins, Reykjavíkurborgar og Ícelandair frá 2013, segir að NA-SV (06-24) braut verði lögð af 2013 og að æfinga-, kennslu- og einkaflug verði lagt af 2013-2015.

## Umsögn

Vísað er til erindis Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, frá 27. ágúst sl. - sbr umsókn ISAVIA innanlandsflugvalla ehf. kt. 591219-1380, um endurnýjun á starfsleyfi Reykjavíkurflugvallar fyrir mengandi starfsemi þ.e. rekstri flugvallar, bifreiða- og vélaverkstæðis og olíugeymis til eigin nota dagsett 21. júní, 2024 - þar sem óskað er eftir umsögn Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur um endurnýjun umrædds starfsleyfis.



Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 segir m.a. eftirfarandi um landnotkun flugvalla í Reykjavík (bls. 117), sbr. einnig mynd 15, hér til hliðar: „Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að flugvallarstarfsemi í Vatnsmýri verði lögð af á skipulagstímabilinu, sbr. meginmarkmið aðalskipulagsins (sjá stefnu um Borgin við Sundin, II. hluti). Mögulegt verði að reka flugstarfsemi á flugvellinum til ársins 2032 (sjá Mynd 15). Aðstaða til þyrlulendinga vegna þjónustu Landhelgisgæslunnar verður þó áfram heimil á svæðinu, samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi... Sjá Viðauka 4, „Samkomulag um rannsóknir á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni“, dagsett 28. nóvember 2019...“

Á grundvelli ofangreindra ákvæða gildandi aðalskipulags eru ekki forsendur til að gefa út starfsleyfi til lengri tíma en 8 ára er varðar rekstur innanlandsflugvallar. Hvað varðar starfsemi einkaflugs, s.s. einkapötur, þyrluflug og annað leiguflug ferðaþjónustufyrirtækja, svo og æfinga- og kennsluflug, er mælt með því að starfsleyfi verði til enn skemmri tíma, m.a. í ljósi vaxandi ónáðis vegna þyrluflugs og einkapöta og fyrirbyggjandi samkomulags ríkis og borgar frá 2013 og eldri viljayfirlýsinga ríkisvaldsins um að finna einka-, æfinga- og kennslufluginu nýjan stað.

## Niðurstaða

- Samkvæmt ofangreindu er unnt að fallast á útgáfu starfsleyfis fyrir Reykjavíkurflugvöll, starfsemi innanlandsflugvallar, sem gildi til ársloka 2032.

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur /**  
Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt

Haraldur Sigurðsson, deildarstjóri aðalskipulags